

117. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis, 10. september 2019.

Mættir: Páll Árdal, Eiríkur K. Aðalsteinsson, Auður Inga Ólafsdóttir og Einar Gauti Helgason. Víðir Benediktsson var fjarverandi

1. Umferðarmál nærri skóla:

Nefndinni barst bréf frá foreldraráði Glerárskóla. Það innihélt auglýsingu frá skiltagerð, sem býr til skilti sem blikkar þegar farið er of hratt, líkt og t.d. það sem er á Dalsbraut við gönguljósinn rétt við KA heimilið og Lundaskóla. Eftir nokkra umræðu komst nefndin að þeirri niðurstöðu að þetta væri skilgreint sem umferðaröryggismál almennt við skóla bæjarins. Við biðlum því til bæjarins að fá svona skilti sett upp innan Hlíðahverfis, við allar göngubveranir í Skarðshlíðinni. Einnig er brýnt að fá svona skilti við Skarðshlíð framan við Þórs völlinn.

2. Sýnileiki gangbrauta í hverfinu öllu:

Hverfisnefnd fékk ábendingu frá íbúa um að gangbrautarmál hverfisins væru í lamasessi miðað við önnur hverfi. Viðkomandi nefndi sérstaklega hve vel hefur verið tekið á þessum málum í Gilja – og Síðuhverfi. Þar eru allar gangbrautir vel upplýstar. Einnig kom viðkomandi með ábendingu um að setja gangbrautarskilti við gatnamót Skarðshlíðar og Smárahlíðar.

Að gefnu tilefni vill hverfisnefnd ítreka ósk sína um að gera gangbrautir sýnilegri í hverfinu. Óskar hverfisnefnd eftir því að það þessi mál verði sett í forgang nú þegar skólarnir eru byrjaðir og farið er að skyggja. Einnig var í umræðunni í vor ósk um að setja gangbraut yfir gatnamótin við Skarðshlíð og Höfðahlíð.

Að lokum óskar hverfisnefnd eftir hertri sektarbitingu á bíla sem leggja of nærri gangbrautum.

Þetta á sérstaklega við gangbrautina í Höfðahlíðinni, sem staðsett er efst í brekku og í miðri beygju, og veldur því að ökumenn sjá ekki börnin við gangbrautina né börnin bílana sem nálgast.

3. Umferðarskilti um hámarkshraða

Við auglýsum eftir fleiri umferðarskiltum um hámarkshraða á Hörgárbrautinni. Aðeins eitt skilti er á leiðinni inn í bæinn og annað á leið úr bænum. Hvort um sig staðsett við gatnamót Hlíðarbrautar og Hörgárbrautar og sjást önnur skilti um hámarkshraða ekki fyrr en í fyrsta lagi þegar komið er að gatnamótunum hjá Hofi (ef þar er þá skilti). Mikil og hröð umferð er á þessum vegkafla, enda er þetta hluti af þjóðveg eitt og ekki allir sem gera sér grein fyrir hver hraðatakörkin eru.

4. Bílastæði við fyrirhugaðan leikskóla ofan við Glerárskóla:

Hverfisnefnd ítrekar áhyggjur sínar af bílastæðum við fyrirhugaðan leikskóla, sem verður staðsettur suðvestan megin við Glerárskóla. Nefndinni finnst þau of fá og á þröngu svæði fyrir stóran leikskóla.

5. Framtíðarstaðsetning frísbíggjvallar.

Hverfisnefnd leggur fram fyrirspurn um hvort bærinn hafi hugsað út í hvar framtíðarstaðsetning frísbíggjvallar verður, þegar farið verður að byggja á þeim stað sem fyrstu „frísbíggjurnar“ eru. Hugmynd kom upp um að staðsetja hann jafnvel á grasflötunum neðan við húsaþyrpingarnar við Glerá.

Fundi slitið.

Auður Inga Ólafsdóttir, ritari.